

2009



## Lög Fimleikadeildar Gróttu

### 1.gr.

#### Heiti

Deildin heitir Fimleikadeild Gróttu og er hún deild innan vébanda Íþróttafélagsins Gróttu. Heimili og varnarþing deildarinnar er á Seltjarnarnesi.

### 2.gr.

#### Tilgangur

Tilgangur Fimleikadeildar Gróttu er iðkun og keppni í fimleikum. Sérstök áhersla er lögð á að stuðla að líkamlegu, andlegu og félagslegu uppeldi og heilbrigðu lífni.

### 3.gr.

#### Félagar

Rétt til að teljast félagar í Fimleikadeild Gróttu eru þeir sem iðka fimleika hjá deildinni, forráðamenn iðkenda, stjórnarmenn, varastjórnarmenn og starfsmenn deildarinnar. Úrsögn úr deildinni skal tilkynna stjórn deildarinnar eða framkvæmdastjóra og skulu þær teknar til greina ef viðkomandi er skuldlaus við deildina.

### 4.gr.

#### Skipulag

Aðalfundur Fimleikadeildar Gróttu hefur æðsta vald í öllum málum hennar. Stjórn deildarinnar er æðsti aðili í málefnum hennar milli aðalfunda. Deildin heyrir undir aðalstjórn Íþróttafélagsins Gróttu.

Deildin hefur með höndum rekstur meistaraflokks og barnastarfs frá 3ja ára aldri.

Reikningsár deildarinnar skal vera frá 1. janúar til 31. desember. Reikningar deildarinnar skulu hafa borist skoðunarmönnum félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

### 5.gr.

#### Stjórn

Stjórn Fimleikadeildar Gróttu skal skipuð 7 manns sem kosin er á aðalfundi til eins árs í senn. Formaður skal kosinn beinni kosningu á aðalfundi, en stjórnarmenn skipa með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum í embætti varaformanns, ritara, gjaldkera og meðstjórnenda. Auk þess skal kjósa tvo varamenn í stjórn. Formaður skal vera fulltrúi deildarinnar í aðalstjórn Íþróttafélagsins Gróttu.

### 6.gr.

#### Starfssvið stjórnar

Stjórn Fimleikadeildar Gróttu ber að efla deildina á allan hátt og gæta hagsmuna hennar í hvívetna. Stjórn ræður þjálfara og ákveður laun þeirra. Stjórn sér um daglegan rekstur deildarinnar í samráði við yfirþjálfara og heldur utan um helstu starfsemi hennar.

Stjórn skal leggja fram fjárhagsáætlun fyrir starfsárið fyrir 10. október ár hvert til aðalstjórnar. Afreksstarf og fjármögnun þess skal aðgreint sérstaklega í reikningum deildarinnar frá barnastarfi. Bókhald deildar skal fært og varðveitt á skrifstofu Íþróttafélagsins Gróttu. Deildin hefur tekjur af



iðkendagjöldum, fimleikamótum og þeim fjáröflunum sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn félagsins. Allar stærri fjárhagslegar skuldbindingar ber að leggja fyrir aðalstjórn til samþykktar. Stjórn hefur umráðarétt yfir sjóðum deildarinnar og eignum og ræður starfsemi hennar.

### **7.gr**

#### **Aðalfundur**

Fyrir lok mars ár hvert skal haldinn aðalfundur deildarinnar. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir iðkendur deildarinnar fimmtán ára og eldri sem mættir eru og greitt hafa æfingagjöld, mættir forráðamenn allra iðkenda, mættir stjórnar- og varamenn og starfsmenn deildarinnar. Allir meðlimir deildarinnar hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi deildarinnar. Aðalfundur skal boðaður með minnst viku fyrirvara og telst lögmætur sé rétt til hans boðað. Jafnframt skal tilkynna Aðalstjórn um fundinn.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi deildarinnar á liðnu ári.
3. Skýrsla stjórnar um fjármál deildarinnar og endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
4. Lagabreytingar
5. Kosning stjórnar
  - a. Formaður
  - b. Meðstjórnendur
  - c. Varamenn
6. Kosning fulltrúa á aðalfund Íþróttafélagsins Gróttu
7. Önnur mál

Að loknum aðalfundi ská stjórn deildarinnar tilkynna aðalstjórn skriflega hverjir kjörnir hafi verið í stjórn deildarinnar, heimilisföng þeirra og símanúmer. Einnig skal þá afhenda aðalstjórn skýrslu um starfsemi deildarinnar og endurskoðaða reikninga, hafi það ekki verið gert áður.

### **8.gr.**

#### **Lagabreytingar**

Lögum þessum má ekki breyta nema á aðalfundi deildarinnar og ræður þar einfaldur meirihluti. Tillögur um lagabreytingar skulu tilkynntar í fundarboði og skulu breytingatillögur liggja frammi hjá stjórn deildarinnar eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

### **9.gr.**

Með þessum lögum eru öll eldri lög deildarinnar úr gildi numin.

Lög þessi öðlast þegar gildi.